

Sveitarfélaginu Hornafirði  
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson,  
Yfirmaður umhverfis- og skipulags  
Hafnarbraut 27  
780 Hornafirði

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
12. des. 2011 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. desember 2011  
Tilvísun: UST20111100202/bs

### Breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998 - 2018

Vísað er til bréfs sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 17. nóvember þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar.


Breytingartillagan er tvíþætt. Annars vegar að breyta landnotkun svæðisins úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun, þjónustu og opið svæði til sérstakra nota og hins vegar að breyta mörkum svæðis undir náttúruvá litillega.


Svæðið sem fyrirhuguð breyting nær til er er skilgreint á eftirfarandi hátt í tillögu að breytingu: "Skeiðarársandur milli varnargarða við Skeiðará og landamerkja við Svínafell ofan fyrirhugaðs þjóðveggar og sunnan þjóðgarðsmarka."

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á umræddu svæði verði afturkræfar. Stofnunin telur hins vegar fulla ástæðu til að huga að sjónrænum áhrifum sem þjónustu- og verslunarstarfsemi getur haft í för með sér. Nærtækt er að benda á skúra sem settir hafa verið niður á bílastæði við þjónustumiðstöð í Skaftafelli.

Umhverfisstofnun telur óheppilegt ef slíkar byggingar verða reistar á því svæði sem hér um ræðir. Stofnunin telur sbr. 35 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, að þess skuli gætt að mannvirki falli sem best að svipmóti lands. Því eigi sveitarfélagið Hornafjörður að setja ströng skilyrði um útlit og staðsetningu þeirra mannvirkja sem reist verða við svo fjölsóttan stað sem Skaftafell er, svo að byggingarnar verði ekki til lýta í annars mjög fallegu landslagi. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

  
Björn Stefánsson